

manns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 8 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

Nr. 4/1887

Rjettvísín

gegn

Guðlaugu Guðmundsdóttur

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Reykja-
víkurkaupstaðar 4. janúar næstliðinn, var hin ákærða,
Guðlaug Guðmundsdóttir, dæmd eptir 147. gr. hinna al-
mennu hegningarlaga í fangelsi við vatn og brauð í 2×5
daga og til að lúka öllum málskostnaði, þar með talið 4
kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hennar,
Guðlaugs málaflutningsmanns Guðmundssonar.

Þessum dómi er að ósk hinnar ákærðu skotið til yfir-
dómsins.

Það er í máli þessu löglega sannað, að hin ákærða,
Guðlaug Guðmundsdóttir, hefur borið rangt fyrir rjetti
í máli, er henni var stefnt til að vitna í, og eru hin
nánari atvik þessi. Halldór nokkur Jónsson höfðaði
mál á hendur húsbónda hinnar ákærðu, Hans Jónssyni,
út af höfuðhöggi og áverka, og ljet Halldór leiða hina
ákærðu sem vitni í málinu; bar hún síðan fyrir rjetti,
að hún hvorki hefði sjeð Hans húsbónda sinn slá Hall-
dór, nje beita valdi til að koma honum út. Þá er

skorað var á hana að vinna eið að þessum framburði sínum, færðist hún undan því; en þá er dómariinn ljét í ljósi við hana, að hún yrði tekin föst, ef hún ekki vildi vinna eið að framburði sínum, breytti hún framburði sínum þannig, að hún hefði sjeð þá Hans og Halldór taka saman og Hans ýta hendi við Halldóri, eða reiða upp hendina við hann, en þó ekki slá hann. Þó vildi hin ákærða heldur ekki staðfesta þennan framburð sinn með eiði, heldur breytti hún honum á ný á þá leið, að hún hefði sjeð Hans slá Halldór, en þó þorði hún ekki að sverja það.

Þótt nú allt virðist benda til, að hin ákærða, þá er hún fyrir rjettinum bar í ofanefndu máli, hafi ekki haft alveg skýra og ljósa hugmynd um, að henni var skylt að segja sannleikann, og að á henni hafa verið nokkurt fát, þá er framburður hennar var tekinn, þá virðist þó ekki verða komið hjá, að dæma hana seka fyrir brot gegn 147. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning hennar, sem komin er langt yfir lögaldur saka-manna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, hæfilega ákveðin af undirdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo fellst yfirdómurinn einnig á ákvæði undirdómsins um málskostnað.

Svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málflytningu til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er skulu ákveðin 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hin ákærða,

Guðlaug Guðmundsdóttir, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 38/1886

Reykjavíkur-dómkirkja
(kirkjuhaldari Kr. Ó. Þorgrímsson)
gegn
Guðlaugi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Samkvæmt beiðni fjárhaldsmanns Reykjavíkur dómkirkju, áfrýjanda máls þessa, fram fór í sumar er leið hinn 19. ágústmán. fúgetagjörð hjá hinum stefnda, cand. jur., settum málaflutningsmanni við yfirdóminn, Guðlaugi Guðmundssyni, til þess að tekinn yrði hjá honum lög taki ljóstollur til kirkjunnar fyrir fardagaárið 18⁸⁴/₈₅. Hinn stefndi greiddi þá að vísu ljóstollinn, 1 kr. 96 au., og lögtaksgjald 50 aura, samtals 2 kr. 46 aura, en geymdi sjer jafnframt rjett til að fá útkljáða með dómi spurninguna um, hvort honum bæri að greiða ljóstoll til kirkjunnar. Lögsótti hann síðan dómkirkjuna eða fjárhaldsmann hennar til þess, að fá hann skyldaðan til að endurgreiða ofanskrifaða upphæð með vöxtum, svo og til að greiða bætur fyrir fjárnámið og málskostnað; og með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar,